

Kynningarbréf vegna framboðs til framkvæmdastjórnar ÍSí

Tryggvi Magnús Þórðarson heiti ég og hef ákveðið að bjóða mig fram til framkvæmdastjórnar ÍSí.

Ég er fæddur 13. nóvember 1956 og er kvæntur Clare Louise Nedin. Börn frá fyrri samböndum eru þrjú, fædd 1983, 1993 og 1997. Barnabörnin eru tvö, en munu að líkindum verða orðin þrjú þegar að íþróttapingi kemur.

Ég er menntaður vélaverkfræðingur frá Dundee háskólanum í Skotlandi en hef aldrei unnið við það, þar sem ég stofnaði ásamt fleirum hugbúnaðarfyrirtæki eftir að ég kom til landsins frá námi. Hjá því hef ég síðan unnið í fjölbreyttum verkefnum víðsvegar um heiminn, þó mest hérlandis.

Allt frá menntaskólaárunum hef ég tekið þátt í félagsstarfi og tel að sá grunnur komi sér vel fyrir íþróttahreyfinguna. Þá hef ég einnig unnið erlendis og tel að reynsla sú sem krafist er vegna vinnu í alþjóðaumhverfi komi einnig til góða þegar að starfsemi framkvæmdastjórnar ÍSí kemur.

Ég hef setið í sex ára í FIA Esport Commission, eða allt frá því að þessi nefnd var sett á laggirnar á ársþingi FIA 2019. Á þessum tíma hafa verið tekin fyrstu skrefin í því að gera hermiakstur og regluverk í kringum hann sem líkastan því sem gerist í raunheiminum, en um leið taka tillit til sérparfa hermiaksturs. Þetta hefur verið mikill lærdómur fyrir alla nefndarmenn og starfsfólk, bæði hvað varðar samningagerð og keppnisreglur. Þá hefur verið unnið í því að koma á sambandi við alþjóða ólympíunefndina IOC og styðja þá hugmynd að standa að eins konar ólympíuleikum sem gengið hafa nafninu Olympic Esport Series.

Eins og sést á þessu stutta máli hér að ofan þá eru ýmsar ástæður eru fyrir ákvörðun minni að bjóða mig fram til framkvæmdastjórnar ÍSí. Með reynslu þá sem ég hef úr starfi fyrir Akstursíþróttasamband Íslands, auk starfa minna fyrir fyrirtæki mitt gegnum tíðina, þá hef ég trú á því að ég geti komið að gagni fyrir íslenska íþróttahreyfingu.

Það er einlæg von mín að fá stuðning þinn í kosningunni til framkvæmdastjórnar ÍSí á íþróttapingi 2025.

